

Leiðbeiningar fyrir fyrirtækjabanka

Efnisyfirlit

Greiðslubunkar	2
Stofna greiðslubunka.....	2
Greiðslubunkar	4
Kröfubunkar.....	5
Stofna kröfubunka.....	5
Bunkar	7
Leita að kröfu.....	7
Greiðslur	8

Fyrirtækjabanki Kviku býður upp á að stofna greiðslubunka og kröfubunka. Eftirfarandi eru leiðbeiningar fyrir notendur og starfsmenn bankans.

Greiðslubunkar

Stofna greiðslubunka

Til að stofna greiðslubunka er smelt á „Stofna greiðslubunka“ úr valmyndinni hægra megin á skjánum. Velja skal nafn á bunkann, úttektarreikning, framkvæmdardagsetningu, hvort útborgun verði ein eða ein á hverja inngreiðslu og textalykil (millifærsla, kostnaður o.s.frv.). Reikningar sem notandinn hefur fullan aðgang eða skoðunaraðgang að birtast sem mögulegir úttektarreikningar. Ef notandinn er bara með skoðunaraðgang að völdum úttektarreikning er þó ekki hægt að framkvæma bunkann, einungis vista hann.

Stofna greiðslubunka

1. Gögn
2. Yfirferð
3. Staðfesting

Nafn greiðslubunka	Úttektarreikningur	Dagsetning	Fjölgreiðsla	Textalykil
<input type="text"/>	Veldu úttektarreikning ▼	22.02.2021 📅	Veldu útborgun ▼	Millifærsla ▼

Til að lesa inn greiðslubunka þarf að lesa inn útfyllt [sniðmát](#)

Dragðu skjöl hingað

Lesna frá skjali

Sækja sniðmát

Tæma bunka

Tegund greiðslu	Reikningur	Eigandi reiknings	Dagsetning	Upphæð	Aðgerðir
Engin gögn til staðar					

Vista bunka

Framkvæma bunka

Byrja skal á því að sækja greiðslubunkasniðmátið með því að smella á „Sækja sniðmát“ takkann. Þá er Excelskjali hlaðið niður á tölvu notandans þar sem fylla skal út greiðsluupplýsingar þeirra sem eiga að fá greiðslurnar. Athugið að í flípa tvö í skjalinu eru nánari útskýringar á þeim dálkum sem fylla þarf út:

	A	B	C
1	Innsiáttur	Transfer Payment Slip	Tölustafir (12)
2	Krafa að fylla út fyrir	Bæði	Bæði
3	Dálkur	Tegund greiðslu	Reikningsnúmer viðtakanda
4	Nánari upplýsingar	Tekur við strenginn Millifærsla eða Greiðsluseðill eða eitthvað sem byrjar á M eða G.	Tekur við reikningsnúmeri sem 12 tölustafi.

◀ ▶
Bunki
Um dálka
+

Þegar skjalið er tilbúið með greiðsluupplýsingum er hægt að lesa það inn í netbankann með því að velja að „Lesna frá skjali“ og finna skjalið í tölvunni eða með því að draga það beint í afhendingarsvæðið:

Til að lesa inn greiðslubunka þarf að lesa inn útfyllt [sniðmát](#)

Dragðu skjöl hingað

Lesna frá skjali

Sækja sniðmát

Tæma bunka

Ef skjalið stenst ekki grunnprófanir kemur villumelding þess eðlis sem segir í hvaða dálki og línu villan/villurnar eru:

× Villa í línu 5. Í dálk(um) Kennitala viðtakanda

Ef upplýsingar eru hins vegar rétt fylltar inn birtist skjalið í skjámyndinni:

Til að lesa inn greiðslubunka þarf að lesa inn útfyllt [sniðmát](#)

Dragðu skjöl hingað

Greiðslubunki_H.xlsx

Lesna frá skjali

Sækja sniðmát

Tæma bunka

Tegund greiðslu	Reikningur	Eigandi reiknings	Dagsetning	Upphæð	Aðgerðir
Millifærsla	0701-26-012345	123456-7890	25.02.2021	170	🗑️
Millifærsla	0701-26-012345	123456-7890	25.03.2021	180	🗑️
Greiðsluseðill	0701-26-012345	123456-7890	25.04.2021	190	🗑️
Greiðsluseðill	0701-26-012345	123456-7890	25.05.2021	200	🗑️
Greiðsluseðill	0701-26-012345	123456-7890	25.06.2021	210	🗑️

Vista bunka **Framkvæma bunka**

Hægt er að „Tæma bunka“ ef þarf og lesa inn nýtt skjal. Einnig er hægt að lesa annað skjal inn í sama bunka. Ef eyða þarf stökum færslum úr bunkanum má smella á ruslatunnu við viðkomandi færslur. Ef notandinn hefur full réttindi á valinn úttektarreikning er hægt að velja að framkvæma bunka strax. Annars er hægt að vista bunkann og þá þarf að opna hann aftur síðar til að framkvæma. Til að staðfesta að framkvæma eigi bunka þarf að slá inn inn leyninúmer úttektarreikningsins og smella aftur á „Framkvæma bunka“.

Þegar bunki fer í framkvæmd er byrjað á að staðfesta að reikningar séu til, passi við kennitölur, næg innistæða sé fyrir úttekt o.s.frv. Ef eitthvað af þessum prófunum klikkar þá er bunkinn ekki framkvæmdur heldur fer hann á villu. Notandi þarf þá að leiðrétta villurnar og velja aftur að framkvæma til þess að bunkinn verði framkvæmdur.

Ef öll villutékk standast er upphæðin tekin út af úttektarreikningum og lögð inn á innleggsreikninga samkvæmt fyrirmælum. Ef ein eða fleiri greiðslur mistakast af einhverjum orsökum er bunkinn samt

kláraður og fer í stöðuna „Greitt með villum“. Sú upphæð sem eftir stendur er svo lögð aftur inn á úttektarreikning. Ef allar greiðslur ganga eftir fer bunkinn í stöðuna „Greitt“.

Greiðslubunkar

Hægt er að leita að bunkum eftir stöðu, nafni og dagsetningu undir „Greiðslubunkar“ í valmyndinni til hægri. Þar er hægt að skoða bunkann með því að smella á viðeigandi táknmynd í niðurstöðunum, breyta honum, eyða honum eða sækja Excelskjalið sem er á bak við hann. Einnig er hægt að sjá nánari upplýsingar með því að sprengja út fellilistann undir örinni lengst til hægri:

Greiðslubunkar

Staða bunka

Nafn bunka

Dagsetning frá

Dagsetning til

▼

09.02.21

09.03.21

Sækja

Dagsetning	Staða	Reikningsnúmer	Nafn bunka	Fjöldi greiðslna	Heildarupphæð	Aðgerðir
22.02.21	Í vinnslu	0701-26-012345	Bunkinn minn	5	950	🔍 ✎ 🗑️ 📄 ⌵
18.02.21	Greitt	0701-26-012345	Stór	4.990	9.980	🔍 📄 ✅ ⌵
19.02.21	Villa	0701-26-012345	Test	4	26	🔍 ✎ 📄 🚫 ⌵

Hérna er hægt að finna bunka sem á eftir að framkvæma, smella á blýantinn til að breyta og klára að framkvæma. Á bunkum með villu er hægt er að smella á rauða viðvörðunarskringinn til að sækja þær greiðslur sem fór á villu.

Kröfubunkar

Stofna kröfubunka

Til að stofna kröfubunka er smeltt á „Stofna kröfubunka“ í valmyndinni til hægri. Notandi fær upp lista yfir þá kröfuhafa sem viðkomandi hefur aðgang að í kerfinu. Notandi velur kröfuhafa, nafn á kröfubunkann og athugasemd, ef vill.

Stofna kröfubunka

1. Gögn | 2. Yfirferð | 3. Staðfesting

Kröfuhafi

Nafn bunka

Athugasemd

Til að lesa inn greiðslubunka þarf að lesa inn útfyllt [sniðmát](#)

Dragðu skjöl hingað

Gjald dag Niðurfellingardagur Færslugerð Auðkenni Kennitala greiðanda Bankanúmer Höfuðbók Kröfunúmer Tilvísun Einda Upphæð Aðgerðir

Engin gögn til staðar

Byrja skal á því að sækja kröfubunkasniðmátið með því að smella á „Sækja sniðmát“ takkann. Þá er Excelskjali hlaðið niður á tölvu notandans þar sem fylla skal út upplýsingar um stofnaðar/breyttar/niðurfelldar kröfur sem eiga að vera í bunkanum. Athugið að í flipa tvö í skjalinu eru nánari útskýringar á þeim dálkum sem fylla þarf út:

	A	B	C
	Dálkur	Færslugerð	Gjald dagi
1			
2	Verður að fylla út	Já	Já
3	Innsláttur	K = Stofna B = Breyta E = Eyða	Dagsetning DD.MM.YYYY

◀ ▶
Gögn
Dálkar
+

Þegar skjal er tilbúið með upplýsingum um kröfur er hægt að lesa það inn í netbankann með því að velja „Les frá skjali“ og finna skjalið í tölvunni eða með því að draga það beint í afhendingarsvæðið.

Til að lesa inn greiðslubunka þarf að lesa inn útfyllt [sniðmát](#)

Dragðu skjöl hingað

Ef skjalið stenst ekki grunnprófanir kemur villumelding þess eðlis sem segir í hvaða dálki og línu villan/villurnar eru:

× Villa í línu 6. Í dálk(um) Bankanúmer

Ef upplýsingar eru hins vegar rétt fylltar inn birtist skjalið í skjámyndinni:

Til að lesa inn greiðslubunka þarf að lesa inn útfyllt [sniðmát](#)

Dragðu skjöl hingað

kröfubunki_kv_3.xlsx

Lesna frá skjali

Sækja sniðmát

Tæma bunka

Gjalddag	Niðurfellingardagur	Færslugerð	Auðkenni	Kennitala greiðanda	Bankanúmer	Höfuðbók	Kröfunúmer	Tilvisun	Einda	Upphæð	Aðgerðir
01.06.21	15.06.24	K	IAA	123456-7890	0701	66	123456	Körfbolti	01.07.21	600	
15.02.21	16.08.24	K	IAA	123456-7890	0701	66	234567	Jiu Jitsu	15.03.21	700	
01.01.21	12.09.24	K	IAA	123456-7890	0701	66	345678	Fimleikar	01.02.21	800	

Framkvæma

Hægt er að „Tæma bunka“ ef þarf og lesa inn nýtt skjal. Einnig er hægt að lesa annað skjal inn í sama bunka. Ef eyða þarf stökum færslum úr bunkanum má smella á ruslatunnu við viðkomandi færslur og hægt er að sjá nánari upplýsingar um færslu með því að sprengja út fellilistann undir örinni lengst til hægri. Til að framkvæma bunka er smeltt á „Framkvæma“ takkann, hakað við staðfestingu og svo velja að framkvæma aftur:

Ég staðfesti að bunkinn sé tilbúinn til keyrslu

Framkvæma

Þegar bunki er framkvæmdur eru flóknari villutékk gerð og geta þá komið upp atriði sem þarf að laga. Hægt er að eyða stökum línunum úr bunkanum eða smella á „Til baka“, hreinsa og lesa inn lagfært skjal:

× Niðurfellingardagur má ekki vera eldri en hreyfingardagur eða meira en 4 árum lengri

Stofna kröfubunka

1. Gögn
2. Yfirferð
3. Staðfesting

Upphæð
2.100 kr.

Nafn bunka Litli bunkinn minn

Gjalddag	Niðurfellingardagur	Færslugerð	Auðkenni	Kennitala greiðanda	Bankanúmer	Höfuðbók	Kröfunúmer	Tilvisun	Einda	Upphæð	Aðgerðir
01.06.21	15.06.24	K	IAA	123456-7890	1234	66	123456	Körfbolti	01.07.21	600	
15.02.21	16.08.28	K	IAA	112233-6789	0701	66	234567	Jiu Jitsu	15.03.20	700	
01.01.21	12.09.24	K	IAA	123456-7890	0701	66	345678	Fimleikar	01.02.21	800	

Til baka

Ég staðfesti að bunkinn sé tilbúinn til keyrslu

Framkvæma

Ef öll villutékk standast er bunkinn sendur til RB til frekari vinnslu.

Bunkar

Hægt er að leita að bunkum eftir kröfuhafa, nafni og dagsetningu undir „Bunkar“ í valmyndinni til hægri. Þar er hægt að skoða bunkann með því að smella á viðeigandi táknmynd í niðurstöðunum, sækja svarskrána og sjá hvort kröfurnar hafi verið stofnaðar eða hvort bunkinn hafi farið á villu:

Kröfubunkaleit

Kröfuhafi	Nafn banka	Dagsetning frá	Dagsetning til	
Jón Jónsson	Jónsbunki	23.01.2021	23.02.2021	Sækja

Stofnað	Staða	Nafn banka	Fjöldi krafa	Fjöldi krafa á villu	Aðgerðir
23.02.2021	Lokið	Jónsbunki	3	0	🔍 ⬇️ ✓

Ef ein eða fleiri kröfur hafa mistekist fara þær og bunkinn á villu en allar aðrar kröfur úr bunkanum hafa verið stofnaðar. Þá þarf að búa til nýjan banka fyrir villukröfurnar og framkvæma upp á nýtt.

Leita að kröfu

Undir „Leita að kröfu“ í valmyndinni til hægri er hægt að leita að kröfum eftir kröfuhafa, kröfusniðmáti, stöðu, kennitalu greiðanda, dagsetningum og bankaupplýsingum. Hægt er að sprengrja út fellilistann undir örinni lengst til hægri til að sjá nánari upplýsingar um hverja kröfu.

Leita að kröfu

Kröfuhafi	Kröfusniðmát	Staða	Kennitala greiðanda				
Stephen Hawking	MI1 -						
Tilvisunardagsetning	Dagsetning frá	Dagsetning til	Banki	Hófuðbók	Númer		Sækja
Gjaldldagi	24.02.2021	24.02.2021		66			

Nafn greiðanda	Kennitala	Krafa	Gjaldldagi	Eindagi	Staða	Upphæð
Jón Jónsson	123456-7890	0701-66-006244	23.02.21	25.03.21	Ógreidd	9.807
Hreinn Sveinn Steinsson	234567-8901	0701-66-007425	23.02.21	25.03.21	Ógreidd	9.807

Greiðslur

Smellið á „Greiðslur“ í valmyndinni til hægrí til að leita að greiðslum eftir kröfuhafa, dagsetningu, kennitölu greiðanda (nafnið birtist þegar kennitalan er slegin inn) og auðkenni kröfuhafa (kröfusniðmáti). Smellið á örina lengst til hægrí í niðurstöðunum til að sjá nánari upplýsingar um greiðsluna. Hægt er að sækja niðurstöður í Excelskjál eða textaskjal:

Greiðslur

Kröfuhafi	Dagsetning frá	Dagsetning til	Kennitala greiðanda	Nafn greiðanda	Auðkenni	
Stephen King	23.01.2020	23.02.2021				Sækja

Excel
Texti

Innborgun	Kennitala	Nafn greiðanda	Eindagi	Innborgað
06.08.20	123456-7890	Steven Spielberg	09.08.20	100
21.09.20	123456-7890	Steven Spielberg	09.08.20	101